

Efnisyfirlit.

Inngangur.	1
Saga Harry Potters.....	2
Harry Potter og heimavistarskólasögur	5
Þemu í Harry Potter bókunum.....	8
Dauðinn	9
Ástin: Munurinn á Harry og Voldemort.....	12
Harry Potter og hinn fullorðni lesandi.....	17
Vinsældir Harry Potter bókaflokksins.	18
Vinsældir Harry Potter bókanna til vandræða?	21
Niðurlag.....	22
Heimildaskrá	24

Inngangur.

Með bókum eins og Harry Potter bókaflokkinum eftir J.K.Rowling fór fullorðið fólk um allan heim að lesa barnabækur, hvort sem það var opinberlega eða í felum. Annað hvort innan veggja heimilisins eftir að börnin þeirra voru búin að lesa bækurnar eða á meðan þau sátu með fullorðins-útgáfu af bókunum á almannafæri.

Metsölulista *New York Times* var meðal annars skipt niður í barna- og fullorðinsbækur með tilkomu Harry Potter bókanna, því að þær rokseldust og sumir fullorðnir voru ekki ánægðir með það að sjá barnabækur trjóna á toppnum, fyrir ofan bækur sem þeir álitu vera merkilegri en bók um galdrasnáða í Hogwarts.

Mjög margar bækur hafa verið skrifaðar um Harry Potter bækurnar og vinsældir þeirra. Síðan eru einhverjir sem vilja meina að vinsældir Harry Potter bókanna - og barnabóka yfir höfuð - á síðustu 20 árum séu til vandræða að minnsta kosti ef fullorðnir eru farnir að lesa þær. Aðrir fagna því mjög að barnabækur séu að verða vinsælli og þá sérstaklega meðal fullorðinna.

Býsna margir halda að Harry Potter sögunar séu aðeins einfaldar sögur fyrir börn um strák sem fer með nokkra undarlegar galdrapulur og veifar galdrasprota út um allt. Ef til vill er það út af því að Harry Potter bækurnar flokkast undir barnabókmenntir, sem eru ef til vill ekki það mikils metnar hjá fullorðnum einstaklingum.

Þessi ritgerð fjallar því um það hvað Harry Potter bókaflokkurinn getur gert fyrir fullorðna einstaklinga sem lesa bækurnar sér til gamans eða fyrir barnið sitt. Það verður skoðað í gegnum þemu eins og ástina og dauðann sem ganga gegnum allar sjö Harry Potter bækurnar. Markmiðið er að sýna fram á að barnabók eins og Harry Potter geti vel flokkast undir "alvöru bókmenntir" og sé ekki bara einföld saga um strák sem gengur í galdraskóla og lærir að veifa sprota. Sem og að skoða hvort að hinn fullorðni lesandi hafi haft einhver veruleg áhrif á velgengni bókaflöksins.

Saga Harry Potters.

Mjög margir nú til dags hafa heyrt um Harry Potter og ævintýri hans sem sagt er frá í sjö bókum og átta kvikmyndum (en síðustu bókinni var skipt í tvær bíómyndir) og núna eru einnig til skemmtigarðar í tveimur heimsálfum (í Japan og Bandaríkjunum) sem eru byggðir upp á ævintýrum hans. Bækurnar eru með mest seldu bókum í heimi og kvikmyndirnar eru meðal þeirra kvikmyndasería sem hafa náð inn mestum hagnaði og vinsældum á heimsvísu..

Fólk hefur einnig heyrt um konuna sem skrifaði bækurnar, Joanna Rowling: betur þekkt sem J.K.Rowling, og hvernig líf hennar breyttist frá því að vera bláfátæk, einstæð móðir í það að verða milljarðamæringur. Allir virðast elska góða Öskubuskusögu svo hún hefur verið notuð óspart til að markaðsfæra bækur Rowlings.

Útgáfufyrirtækið Bloomsbury gaf út fyrstu Harry Potter bókina í 500 eintökum¹. Bloomsbury var ekki það stórt á þessum tíma, velti um 5 milljón pundum á ári eða svo og datt engum í hug að Harry Potter myndi seljast jafn vel og hann gerði.

Það sem fékk fólk til þess að tala um bækurnar síðar meir og ýtti undir sölu bókanna var að útgáfufyrirtækið Scholastics í Bandaríkjunum keypti réttinn að bókinni um galdrastrákinn Harry Potter aðeins þremur dögum eftir að hún kom út í Bretlandi². Það þótti vera frekar mikil áhætta.

"The press jumped on the story and fanned the publicity flames which got people curious early and talking a lot. People were intrigued and touched by the story of J.K.Rowling as a single, poverty-stricken mother, which in many ways mirrored the story of her character, Harry Potter. Like the Harry Potter character, J.K.Rowling was a good person struggling to overcome difficult circumstances who succeeds in the end" (Susan Gunelius, 2008, bls. 25).

Al Tergo og Sue Denim tala um það í sínum kafla í bókinni *Consuming Book* að í kringum 1990, skömmu áður en fyrsta Harry Potter bókin kom út, hafi barnabækur ekki verið vinsælar³. Þær áttu að vera stuttar og raunverulegar. Eitthvað sem Harry Potter bækurnar voru ef til vill ekki.

Fyrsta Harry Potter bókin var fremur löng miðað við það sem útgáfufyrirtæki óskuðu eftir þegar kom að handriti fyrir barnabók og hún var eftir alveg óþekktan höfund.

¹ Susan Gunelius, 2008, bls. 25

² Susan Gunelius, 2008, bls. 25

³ Al Tergo, Sue Denim, 2006, bls. 158

J.K.Rowling og Harry Potter var hafnað af mörgum útgefendum áður en litla útgáfufyrirtækið Bloomsbury ákvað loksins að gefa fyrstu bókina út árið 1997 og *Harry Potter og Leyniklefinn* kom út ári síðar, eða 26 Júní 1998.

J.K.Rowling fékk um 2,500 punda fyrirframgreiðslu fyrir *Harry Potter og Viskusteininn* hjá Bloomsbury. Hún var ekki undir stóru útgáfuhúsunum eins og Penguin eða Harper Collins og umboðamaðurinn hennar sagði henni að hún gæti ekki ætlast fyrir stærri upphæð fyrir barnabók. Upphæðin 105,000⁴ dollarar sem að Rowling fékk frá Bandaríska útgáfufyrirtækinu Scholastics fyrir réttinn á Harry Potter þar í landi var frekar há miðað við barnabækur.

Harry Potter og Viskusteininn er meira en 75,000 orða barnabók, sem var ein af meginástæðunum fyrir því að hún var ekki tekin til útgáfu af útgáfufyrirtækjum eins og Penguin eða Harper Collins. Eftir því sem að bókaflokkurinn hélt áfram fóru sögunar að lengjast og flokkast meira og meira undir unglingabækur. Lengdin á bóknum virðist ekki hafa nein áhrif á vinsældir seríunar, sem hefur verið þýdd yfir á meira en 60 tungumál.

In the 1990s, before the boy wizard burst to the scene, children's literature was a backwater. Books were shorts, realistic tales ruled the roost and the very notion of boarding school story was so unfashionable that it made flared trousers look cool. [...] It eschewed social realism for enchantment and witchcraft. And it reinvented the boarding school story. (Stephen Brown (ritstj), 2006, bls.159).

Samkvæmt Robertu Seelinger Trites þá er munurinn á barna- og unglingabókum sá að í barnabókunum þroskast persónan vegna þess sem hún lærir en í unglingabókum er þroski unglingins sýndur í því sem hann lærir um það hvernig samfélagið skerðir frelsi hans⁵. Harry Potter bækurnar fara úr því að vera barnabækur og í það að vera unglingabækur eftir því sem Harry eldist eða frá því að hann er 11 ára barn og í það að verða unglingur í fjórðu bókinni, sem er nánast miðpunktur seríunar. Þetta er þroskasaga sem við fáum að fylgjast með í gegnum allar sjö bækurnar.

Spáð var fyrir Harry að hann yrði strákurinn sem bjargaði galdraheiminum frá Voldemort. Voldemort fæddist sem Tom Marvolo Riddle (Trevor Delgome á Íslensku). Faðir hans var muggi, (muggi er ekki galdramaður heldur venjulegur borgari), og móðir hans var norn. Hann var skilinn eftir á munaðarleysingarhæli vegna þess að faðir hans vildi ekkert með

⁴ Sandra L. Beckett, 2009, bls. 214.

⁵ Roberta Seelinger Trites, 2001, bls. 473.

hann eða móður hans hafa, af því að hún var galdranorn. Það skýrir hvers vegna Voldemort er ekki hrifinn af muggum. Móðir Voldemorts tældi föður hans og gerði hann ástfanginn í sér með göldrum.

Voldemort var á munaðarleysingarhælinu þangað til að hann var 11 ára og gat farið í Hogwartsskóla, þar sem hann gekk í Slytherin heimavistina, en sem er heimavistinn fyrir þá slóttugu en "í Slytherin, ef slægur ert, þú sleppur fullvel inn. Þar segja menn að meðölin móti endirinn"⁶. Bakgrunnur hans og Harry Potters er því tiltölulega líkur nema hvað Voldemort virðist hafa átt ennþá erfiðari æfi en Harry. Harry og Voldemort eru því frekar tengdir.

Voldemort reyndi að drepa Harry Potter þegar hann var yngri, vegna þess að hann heyrði spádóm um strák sem hann taldi vera Harry Potter. Hann var sagður vera sá sem myndi stoppa Voldemort. Eftir að bölvun Voldemorts, sem átti að drepa Harry, endurkastaðist og lenti á honum sjálfum hvarf hann í rúm 11 ár, en þá virtist hann hafa verið í leynum einhverstaðar, á milli lífs og dauða. Það eru því frekar þung örlög á herðum 11 ára galdrastráksins Harry Potters og vina hans, Ron og Hermione og þau verða ekki beint léttari eftir því sem á líður seríuna. Til að byrja með skilur Harry ekki mikið í þessu, en smá saman lærir hann meira um spádóminn og hvað hann merkir. Og hvernig ást móður hans bjargaði honum frá Voldemort þegar hann ætlaði sér að drepa hann eftir að hann heyrði spádóminn. Það var einnig þessi ást sem verndaði hann þangað til að hann varð lögráða en það verður Harry í byrjun síðustu bókarinnar *Harry Potter og Dauðdjásnið*. Harry verður því að taka ákvörðun hvað hann eigi að gera með þau örlög sem honum eru ætlað.

Rowling sagði það sjálf í viðtali við *Newsweek* árið 2000 að það væri kaldhæðni örlaganna, en hún hefði aldrei íhugað að skrifa fyrir börn heldur alltaf ætlað að skrifa fyrir fullorðna⁷. Það virðist hafa tekist vel hjá henni þar sem um þriðjungur lesenda Harry Potter bókana eru einmitt fullorðnir og eru því ekki endilega að lesa þessar bækur fyrir börn, heldur fyrir sjálfa sig⁸.

Persónan Harry Potter er sjálfur bara ellefu ára þegar við kynnumst honum fyrst í *Harry Potter og Viskusteinunum*. Þá er hann munaðarlaus, vannærður og býr hjá Dursley hjónunum; frænku sinni, manningnum hennar og syni þeirra. Hann fréttir að hann sé

⁶ Rowling, 1997, bls. 107

⁷ John Granger, 2002, bls.10-11

⁸ John Granger, 2002, bls.10-11

galdramaður - rétt eins og foreldrar hans höfðu verið - og honum sé ætlað að ganga í virtan galdraskóla sem nefnist Hogwarts, og sé í heimi samhliða okkar. Þar kynnist hann vinum sínum Ronald Weasley og Hermione Granger.

Saman lenda Harry, Ron og Hermione öll í heimavistinni Gryffindor sem er þekkt fyrir að hafa nemendur sem eru „hraustir og hugdjarfir og hræðast ekki þar“⁹. Í þau sex ár sem þau ganga í Hogwarts læra þau t.d. sögu galdranna, að brugga seiði, hvernig þau skulu berjast gegn myrku öflunum og galdra. Það kemur sér vel þar sem þau lenda oft í hættum sem tengjast Voldemort á einn eða annan hátt, en hann er maðurinn sem drap foreldra Harrys og særði Harry svo að hann fékk eldingarlaga ör á ennið sem gerir hann auðþekkjanlegan og hefur gert hann frægan í galdrasamfélaginu. Jafnframt gerir það hann einmana og hann á ekki marga vini í skólanum, fyrir utan Ron og Hermione.

„Many school stories revolve around heroes who become temporary outcasts, only for their true heroism to allow them to reintegrate at the end. Harry's case is subtly different from this norm, though Rowling has played with it several times.“ (Andrew Blake, 2002, bls. 43).

Harry snýr aftur til Hogwarts á hverju ári og hver bók fylgir honum í eitt ár í Hogwartsskóla, nema síðasta bókin þar sem Voldemort er búinn að taka yfir Galdraheiminn og Harry og vinir hans þurfa að flýja út í sveitir Englands til þess að reyna að finna leið til þess að sigrast á honum. Þau standa saman og hjálpa galdraheiminum við að eyða hættunni sem stafar af honum.

Harry Potter og heimavistarskólasögur

J.K.Rowling virðist að einhverju leyti halda í gamlar hefðir þegar það kemur að ritun barnabókmennta, að sögn Nicholas Tucker í greininni *The Rise and Rise of Harry Potter*. Það er ef til vill ástæðan fyrir vinsældum Harry Potters hjá fullorðnu fólki og skýring þess að það sækir svo mikið í þessar bækur sem minna fullorðna á barnabækur sem þeir lásu og elskuðu sem börn.

"That Rowling has succeeded in attracting so huge a following of both adults and children of a range of age groups is a testimony to the freshness of much of her writing" segir Pat Pinsent í *The Ivory Tower and Harry Potter*¹⁰ þar sem hún talar um það hvernig Rowling tekur á þeim þemum sem má oft finna í breskum heimavistarskólasögum og hvernig hún

⁹ Rowling, 1997, bls. 107

¹⁰ Pat Pinsent, 2002, bls. 50

notfærir sér það til þess að gera eitthvað nýtt og spennandi. Í heimavistarskólasögum geta börn sloppið frá foreldrum sínum og verið með jafnöldrum sínum í skólanum og átt svokallaða "aukafjölskyldu" þar, og það upplifir Harry í bókunum.

Meðal hinna krakkana í skólanum og á heimavistinni geta nemendur, sérstaklega óhamingjusamir krakkar eins og Harry Potter var þegar hann kom fyrst til Hogwartsskóla fundið sér nýja fjölskyldu hjá vinum og starfsfólki. Þannig verða Ron, Hermione og Hagrids fjölskyldan sem Harry átti aldrei en þráði alltaf og gat nú valið sjálfur.

Sögur um heimavistarskóla voru algengar og ef til vill skæri Hogwartsskóli sig ekki það mikið frá hinum skólunum í þeim barnabókum sem komu út fyrir tíma Harry Potter bókanna, ef ekki væri fyrir það að hann er töfraskóli, en Harry Potter bækurnar eru fantasía.

"Public school stories set in the deep countryside have had a long run in children's literature, providing escapist dreams to state school pupils and images of a more ideal existence to those with actual knowledge of such places" (Nicholas Tucker, 1999, bls. 222)

Rowling talar um það að heimavistin og Hogwartsskóli hafi verið eitt af því fyrsta sem henni datt í hug þegar hún fékk hugdettuna um sögurnar af Harry Potter¹¹. Rowling ákvað að Harry ætti að ganga í heimavistarskóla og hver bók ætti að fjalla um eitt ár í þessum skóla og það hefur ef til vill haft mikil áhrif á það hvernig bækurnar voru skrifaðar til þess að byrja með.

Heimavistarsögur eru sérstök bókmenntagrein, sem er sérstaklega vinsæl í Bretlandi þar sem ríkir mikil hefð fyrir heimavistarskólum, en þá bara fyrir sérstakt fólk sem hafði efni á því að sögn David, K. Steege í *The Ivory Tower and Harry Potter*¹². Rowling notar mikið af hinum hefðbundnu þemum bókmenntagreinarinnar í bókunum sínum.

Hogwartsskóli er kjarni fantasíunar í Harry Potter bókunum. Hann er virtur galdraskóli staðsettur í Skotlandi, í gömlum kastala, þar sem málverkin tala við mann og húsálfar sjá um að elda allskonar dýrindis mat fyrir nemendur og þangað fara allir krakkar í Bretlandi sem hafa einhverja galdrahæfileika til að læra galdra og að fljúga um á kústum. Í Hogwarts gerast ævintýri, sem skilja Hogwarts skóla frá öðrum skólum, sem eru stútfullir af leiðinlegum heimalærdómi eins og stærðfræði.

Í Hogwartsskóla eignast Harry loksins samastað þar sem honum líður vel og hann eignast vini, en það höfðu hann og margir aðrir ekki upplifað áður. Harry finnst gott að vera í

¹¹ David, K. Steege, 2002, bls. 141

¹² David, K. Steege, 2002, bls. 141

Hogwarts, þar finnur hann heimilið sem hann hafði alltaf dreymt um „Hogwarts skóli er fyrsta og besta heimilið sem hann hafði þekkt. Hann, Voldemort og Snape, einstæðingarnir, höfðu allir átt griðastað hér“¹³ hugsar Harry með sér þegar hann telur sig vera að líta Hogwarts í síðasta sinn. Ungir og gamlir lesendur Harry Potter bókanna geta tengt sig við sömu tilfinningar til griðastaðarins Hogwarts þegar þeir lesa bækurnar.

"Child and adult readers relate to situations in which she describes children who suffer great sadness and loneliness, as do Harry and Luna Lovegood, Voldemort and Neville Longbottom, and who deal in their own ways, with these traumas" (Sharon K. Goetz, 2008, bls. 94).

Vinsældir Harry Potter bókanna tengjast því ekki aðeins markaðsetningu bókanna. Þetta veltur allt á því hvernig sagan var skrifuð og hversu mikið var talað um hana. Kvikmyndun sögunnar hefur vafalaust hjálpað til og það að Harry Potter sögurnar ná bæði til fullorðna og barna. Harry Potter hefur því mikla möguleika á því að ná til fólks á nostalgískan hátt. Sem búa til ímyndunarheim þar sem auðvelt er að sleppa til og gleyma öðrum áhyggjum.

Bækurnar hafa verið gagnrýndar fyrir að fylgja frekar einfaldri formúlu, þar sem Harry fer til Hogwarts, þrátt fyrir hindranir - eins og Dobby, húsálfinn sem lokaði hliðunu að leynilega lestarballinum við King's Cross lestarstöðina, þar sem allir nemendur Hogwatskóla taka lestina til Hogwarts í byrjun septembers á hverju ári. Dobby reynir sem sagt að hindra hann í því að fara þangað á einhvern hátt, vegna þess að það er eitthvað á seiði í Hogwarts. Oftast nær endar það á því að vera eitthvað sem tengist Voldemort og áformum hans um að snúa aftur. . Í lok hvers skólaárs endar Harry Potter á því að berjast á einhvern hátt við Voldemort eða einhvern af fylgismönnum hans og þar með lærum við og Harry Potter smám saman meira um Voldemort og hvernig væri best að sigrast á honum.

Rowling hefur verið gagngrýnd af hinum og þessum vegna þessarar formúlu sem hún virðist fylgja nema kannski í síðustu bókinni, sem gerist heldur ekki í Hogwarts skóla¹⁴. Það eru sumir sem vilja meina að þessi einfalda uppskrift sé lykillinn að velgengi Harry Potters seríunnar, hvort sem að þeir séu hrifnir af sögunum eða ekki.

Jack Zipes talar einnig um hversu einfaldar persónunar séu og þá sérstaklega Harry Potter sem er nánast góðmennskan uppmáluð, en hann er frekar venjuleg, týpískt góða persóna sem er hægt að sjá í mörgum bókum eða sjónvarpsþáttum og hið sama er að segja um

¹³ J.K.Rowling. bls. -

¹⁴ Jack Zipes, 2001, bls. 176).

hinar persónurnar í bókunum. Hann heldur áfram og segir: "I suspect that this is why many adults, especially parents, like Harry: he is a perfect model for boys because he excels in almost everything he undertakes." (Jack Zipes, 2001 bls. 180).

„All readers appreciate Rowling's complex plotting, attention to details, and humour. While the broad slapstick appeals especially to children, adults particularly enjoy the parody, pastiche, and satire. [...] Certain details, such as the steam train to Hogwarts and the Ford Anglia car, evoke the nostalgia of adult readers. The subtle wordplay may only be fully appreciated by adult, but, unlike similar techniques in Carroll's Alice books, they do not go entirely over the heads of her young readers. Rowling's series offers something for readers of all ages.“ (Sandra L. Beckett, 2009, bls. 114-115.)

Pemu í Harry Potter bókunum.

Oft beinast rökin gegn barna- og unglingabókum eins og Harry Potter bókunum, og um leið rökin fyrir því af hverju fullorðnir eigi ekki að lesa þær, að því hversu óraunverulegar bækurnar séu. Þær séu ekki nógu raunverulegar eða þungar og fjalli ekki um nógu alvörugefin málefni. Þetta sé bara fantasía og ekkert annað og því ekki góðar bókmenntir fyrir fullorðna (eða börn?). Það er þó erfitt að greina hvaða bækur eru raunsæjar eða raunverulegar og hverjar ekki. Sem og hvaða unglingar eru raunverulegri en aðrir eða hvort þeir geri „alvöru hluti“ eins og „alvöru unglingar“ gera. Unglingar eru ekki allir eins og gera ekki allir það sama, sama hvaðan þeir eru. Svo það ætti varla að skipta máli hvort sagan eigi að gerast í framtíðinni, í öðrum heimi eða í bakgarðinum heima hjá einhverjum á 21. öldinni.

Þrátt fyrir að vera barna- eða unglingabækur geta bækur eins og Harry Potter vel talað um raunveruleg og alvörugefinn málefni. Mugga-hverfið sem frænka Harrys bjó í er ef til vill það sem næst kemst raunveruleikanum í upphafi sögunnar og ef til vill út alla seríuna. Muggar eru venjulegt fólk sem ekki er göldrótt. Allt á einnig að vera eðlilegt og raunverulegt hjá Dursley hjónunum. Harry hatar að vera þar, af því þar er hann vannærður, á enga vini og það er illa komið fram við hann. Honum líður mun betur í fantasíuheimi Hogwartsskóla og lesandinn samsamar sig þeirri afstöðu að fantasían sé betri en raunveruleikinn.

Svo ef til vill er hægt að færa rök fyrir því að Harry Potter bækurnar séu ekki raunsæjar eða þær fjalli ekki um raunveruleg málefni. Þar er lítið sem ekkert minnst á áfengi eða dóp eða skilnaði, allavega ekki í fyrstu bókunum en það er nú eitthvað talað um ástarmál þegar líður á seríuna, eftir því sem Harry verður eldri og það er líklegra að hann og hinir

nemendurnir í kringum hann séu farnir að pæla í þeim hlutum. Sérían eldist nefnilega með Harry Potter eins og fyrr er sagt.

Vandamálin sem Harry þarf að fást við eru átök við Draco Malfoy, strák í Slytherin sem stríðir honum og vinum hans linnulaust, Severus Snape, sem er töfradrykkja- og seiðakennari í Hogwartsskóla og hatar Harry Potter af því að honum líkaði ekki við föður hans auk illra galdramanna og furðudýra og vera eins og vitsuga, hunds með þrjú höfuð og Voldemort sjálfan. Ef til vill eru ekki það raunsæ vandamál, en vandamál samt sem áður, hvort sem þau eru byggð á raunveruleikanum eða ekki.

Dauðinn

Margir trúarleiðtogar, sem og annað fólk sem sér um skólaefni í Bandaríkjunum, voru ekki sáttir við hversu ókristilegur og óbókmenntalegur texti Harry Potter bókanna var og því voru Harry Potter bækurnar bannaðar á skólabókasöfnum í mörgum skólum þar. Sumir telja meira að segja að Rowling sé að segja börnunum að þau eigi að stunda galdra og dýrka djöfulinn, eins og Laura Mallory segir í viðtali við Melissu Anelli í bókinni *Harry: a History*. "I was meant to believe that children read Harry Potter and thought, I can do witchcraft now! rather than I wish Hogwarts was real, but I know it's not!"¹⁵

Samt sem áður eru Harry Potter bækurnar, eins og aðrar barna- og unglingabækur sem hafa eitthvað með galdra eð hið yfirnátúrlega að gera ekkert að ýta undir djöfladýrkun eða neitt því um líkt. Eins og Zipes segir er sérían "clearly moralistic and didactic and preach against the evil use of magic"¹⁶. Harry Potter sérían snýst um baráttu góðs og ills, eins og svo margar fantasíusögur fyrir börn, unglunga og fullorðna lesendur svo sem *Hringadrottins saga* eftir J.R.R.Tolkien. Harry er tákn hins góða og Voldemort hins illa og Harry, sem og aðrir nemendur í Hogwartsskóla læra um það hvernig eigi að berjast við myrku öflin í tímum, auk þess að þau læra sitthvað um þau líka í lífinu sjálfu og öllum ævintýrum sem þau lenda í.

Rowling notar líka mikið af kristilegum táknum, þemum og goðsögum og sögnum frá miðöldum og það er hægt að sjá mikil líkindi milli Harry Potter bókanna og annara breskra fantasíusagna eins og *Hringadrottins sögu* eftir J.R.R.Tolkien og *Narníu seríunnar* eftir C.S.Lewis, sem notast einnig mikið við slík tákn og vísanir.

¹⁵ Melissa Anelli, 2008, bls. 180

¹⁶ Jack Zipes, 2001, bls. 174

J.K.Rowling sagði sjálf að sagan um Harry Potter væri að einhverju leyti um dauðann sem er kannski ekki að undra þar sem hún byrjaði að skrifa bækurnar af alvöru eftir að móðir hennar dó¹⁷. Dauðinn er frekar stórt þema innan sögunar og kannski spurningin um hvernig skuli takast á við hann. Það er þema sem mörgum þætti mögulega ekki hæfa í barnabók.

Þótt að það séu til alskyns galdrar og töfraseiði í Harry Potter heiminum er enginn galdur sem virðist geta vakið þá liðnu upp frá dauðum. Það er allavega tvisvar minnst á það í sögunum að það að endurlífga hina dauðu sé ekki sniðug hugmynd. Einu sinni þegar Harry er á fyrsta ári í skólanum finnur hann töfraspjall þar sem hann getur séð foreldra sína. Spjallinn hefur þá eiginleika að sá sem lítur í hann getur séð sínar dýpstu þrjár. Dumbledore skjólastjóri færði svo spjallinn eftir að hann finnur Harry hjá honum eina nóttina, þar sem „það dugar ekki að dvelja í draumi af því þá gleymirðu að lifa í vöku.“¹⁸

Síðan er það ein af persónunum í sögunni um *Bræðurna Þrjá*, sem hægt er að finna í smásagnabók sem Dumbledore skilur eftir handa Hermione eftir dauða sinn í *Harry Potter og Dauðadjásnunum*, í von um að það muni hjálpa þremmenningunum í leit þeirra að Helkrossinum. Þetta varðar Dauðadjásnin (sem síðasta bókin heitir eftir) sem eru töfrahlutir sem eiga að hjálpa eiganda sínum að lifa að eilífu. Þetta eru Uppvakningarsteininn, Eldissprotinn og Hulinskykkjan. Voldemort er einnig á höttunum eftir þessum hlutum í þeirri von um að þeir gætu hjálpað sér að lifa að eilífu, því að hann telur ekkert vera jafn skelfilegt og dauðann.

„Við vitum báðir að það eru aðrar leiðir til að tortíma manneskju, Trevor“ sagði Dumbledore rólega og hélt áfram að ganga í áttina að Voldemort eins og hann hafði ekkert að óttast, eins og ekkert hafði truflað göngutúrinn hans um salinn. „Það eitt að taka líf þitt, mundi ekki nægja mér, það skal ég viðurkenna.“

„Það er ekkert verra en dauðinn, Dumbeldore“ urraði Voldemort.

„Þú hefur rangt fyrir þér“ sagði Dumbledore og nálgadist Voldemort enn. Málrómurinn var afslappaður eins og þeir væru að ræða málefnið yfir drykk. [...] Raunar er sá misbrestur, að skilja ekki að það eru verri hlutir en dauðinn, þinn stærsti veikleiki.““ (J.K.Rowling, 2003, bls. 699.)

Elsti bróðirinn í sögunni vill fá sprota sem gerir hann ósigrandi og dauðinn gefur honum hann, en hann gerir þau mistök að grobba af því síðar að hann eigi ósigrandi sprota og því er hann

¹⁷ Telegraph, 2006.

¹⁸ Rowling, 1995, bls. 195.

drepinn þegar hann fer að sofa. Í ævintýrinu ná þrír bræður að leika á dauðan og fá því allir einhvern sérstakan hlut frá honum. Miðbróðirinn í ævintýrinu vill vekja gamla ástkonu sína upp af dauðum og fær því stein frá dauðanum sem mun færa hana aftur til hans. Hann notar steininn og brátt kemur stúlkan hans til hans aftur, en þau lifa ekki lengi í paradís þar sem stúlkan á ekki lengur heima meðal þeirra lifandi og því þjáðist hún mjög mikið. „Að lokum varð miðbróðirinn vitstola af vonlausri þrá og svipti sig lífi til að geta verið með stúlkunni. Þá hafði Dauðinn tekið miðbróðurinn til sín“¹⁹ því að enginn leikur á dauðan og hann mun ná öllum fyrr eða síðar.

Það var bara yngsti bróðirinn sem að slapp lifandi frá Dauðanum öll þessi ár, þangað til að hann var orðinn gamall og dó af eðlilegum ástæðum, en hann valdi sér hulinskikkju og gat því falið sig frá Dauðanum í stað þess að reyna að ráða yfir honum á einhvern hátt eins og hinir tveir höfðu gert. Hann gat því dáið þegar hann var tilbúinn. „Síðan fagnaði hann Dauðanum eins og gömlum vini og fór fúslega með honum sem jafningja“²⁰

Philip Pullman talar mikið um kristni og mórál kristninnar og ekki endilega alltaf á jákvæðan eða vinsamlegan hátt og hann biður lesendur sína sem eru að mestu leyti börn eða unglingar að hugsa um trúmál á gagnrýninn hátt. Þetta er kannski málefni sem margar fullorðinsbækur myndu ekki þora að fara út í. Þemu barnabókanna þurfa því ekki öll að vera jafn einföld og sumir vilja ef til vill halda fram.

Þau myrku þemu sem hægt er að finna í Harry Potter gera söguna mögulega aðeins frábrugðna öðrum barnabókum og það er ef til vill það sem dregur eldri lesendurna að bókuninum, sem og uppvaxtarsaga Harry Potters sem vekur kannski nostalgíu í huga þeirra. Það er eins og Giselle Liza Anatol segir í inngangi sínum að bókinni *Reading Harry Potter: Critical Essays*;

"...his adventures and continued successes allows adults to indulge in whimsy and recapture the "golden world" of childhood for which they are often nostalgic. [...] Childhood is typically further idealized by adults as a period without true responsibilities, and Rowlings formulaic "happy ending" offer older readers with complex and not-so-orderly lived comfort in the fact that everything will work out for the best." (Giselle Liza Anatol, 2003, bls. xii)

Dauðinn í Harry Potter virðist þjóna mikilvægu hlutverki alveg frá byrjun til enda því í upphafi *Harry Potters og Viskusteinsins* er Harry Potter munaðarleysingi og í enda síðustu

¹⁹ Rowling, 2007, bls. 334.

²⁰ J.K.Rowling, 2007, bls. 334

bókarinnar, *Harry Potter og Dauðadjásnin* „deyr“ hann og rís aftur upp frá dauðum til þess að drepa Voldemort fyrir fullt og allt.

Helkross er eins konar hulstur sem galdramaður notar til þess að geyma í hluta af sál sinni í, svo að hann deyi í raun og veru aldrei. Voldemort hefur hinsvegar gert sjö slíka Helkrossa til þess að verða ódauðlegur og þar af leiðandi ósigrandi. Til þess að búa sér til Helkross þarf að nota svarta galdra og morð, sem rífur sálina í tvennt að sögn Slughorns, töfradrykkja og seiðakennara Hogwartsskóla, þegar Harry var á sjötta ári;

“En hvernig fer maður að því?”

„Með illvirki - með mesta illvirki sem fyrirfinnst. Með því að fremja morð. Morð klýfur sálina. Sá Galdramaður sem ætlar sér að búa til helkross nýtir sér skaðann sér í hag.“²¹ (J.K.Rowling, 2005, bls. 408-09)

Nóttina þegar Voldemort ætlar sér að drepa Harry (en drap foreldra hans) bjó hann óvart til einn Helkross í viðbót. Helkross sem hann vissi aldrei af. Harry varð að Helkrossinum sem Voldemort ætlaði sér ekki að gera og þess vegna gat hann risið upp frá dauðum vegna þess að hann fórnaði sjálfum sér og því drap Voldemort hann ekki sjálfan heldur hluta af sálinni sinni, sem hafði verið í huga Harrys frá því að hann var um eins árs gamall. Samband Harry Potters við dauðann er náð frá fyrstu blaðsíðunum í fyrstu bókinni, þegar við fáum að vita að foreldrar hans hafi dáið og í lok fyrstu bókarinnar þegar Dumbledore segir: „Þegar allt kemur til alls er dauðinn ekkert annað en stórkostleg ævintýri – fyrir þá sem hafa rétta hugarfarið“

Ástin: Munurinn á Harry og Voldemort.

Það er mikið talað um að Harry og Voldemort séu líkir í bókunum. Þeir eru með svipaðan sprota, sem er með stélfjöður frá sama fönixinum²¹ og báðir geta talað við slöngur. Þeir voru einnig báðir munaðarleysingar. Flokkunarhatturinn sem sér um að flokka fyrsta árs nemana í Hogwarts í heimavistinar setti Harry næstum því í Slytherin. Það er sama heimavistinn og Voldemort fór í. Eina ástæðan fyrir því að Harry lenti ekki í Slytherin var af því að hann bað flokkunarhattinn um það. Það var hans val að fara ekki í Slytherin og það var hans val á mörgu sem gerði hann öðruvísi en Voldemort. Eins og að hann valdi að elska.

Harry vill heldur helst ekki drepa og það er eitt af því sem skilur hann frá Voldemort. Harry vill ekki drepa Ormshala í þriðju bókinni *Harry Potter og Fanginn frá Azkaban* af því

21

að hann vill ekki drepa neinn. Hann er einni viss um að faðir sinn myndi ekki vilja að sonurinn myrta æskuvín hans, þó að hann hafi svíkið hann. Uppáhalds galdur Harrys er einnig afvopnunargaldurinn *expelliarmus*, sem hann notar mjög oft, jafnvel gegn Voldemort sem vill ekkert annað en drepa hann.

Lupin, varúlfurinn, sem var einn af vinum föður Harrys í skólanum og síðar myrkraaflakennari Harrys á þriðja árinu bendir honum á það að hann gæti ekki lengur bara notað galdurinn *expelliarmus* – sem er afvopnuargaldur oftast notaður í galdraeinvígum og í sjálfsvörn. Galdurinn lætur sprota hins galdramannsins fljúga úr höndunum á honum / henni - því að galdurinn getur ekki verið hans einkennismerki lengur, eða galdurinn sem að hann er þekktur fyrir að nota. Hann gæti vel þurft að gera eitthvað annað en það að afvopna fólk ef að hann vill verja sig og sína á meðan stríðinu stendur.

"Svo þér finnst að ég hefði átt að drepa Stan Shunpike?" sagði Harry reiðilega.

„Auðvitað ekki“ sagði Lupin, 'en dráparar - og í hreinskilni sagt, flestir! - hafa væntanlega reiknað með að þú berðist á móti! Afvopnunarálögin eru gagnleg, Harry, en dráparar virðast standa í þeirri trú að þau séu þitt einkennismerki, og ég hvet þig til að láta það ekki gerast!“

Orð Lupins gerðu það að verkum að Harry leið eins og kjána, samt fann hann nn fyrir voti af mótþróa innra með sér.

„Ég ryð ekki fólk úr vegi bara af því að það er fyrir mér,“ sagði Harry. “Það er Voldemort sem fer þannig að.““ (J.K.Rowling, 2007, bls. 61-62).

Í Harry Potter heiminum eru þrjár ófyrirgefanlegar bölvunar sem að enginn má framkvæma án þess að lenda í galdrafangelsinu Azkaban. Þær eru kvalarbölvun, stýribölvun og drápsbölvunin. Eina bölvunin sem Harry hefur reynt að nota að einhverju leyti var stýribölvunin í *Harry Potter og Dauðadjásnunum*, þegar hann var að leita að Helkrossunum hans Voldemorts, til þess að reyna að stöðva hann.

Drápsbölvunin notaði hann aldrei, frekar notaði hann afvopnunargaldurinn og í það eina skipti sem að hann reyndi að nota kvalarbölvunin var á Bellatrix Lastrange sem að drap guðföður hans Sirius Black í lok *Harry Potter og Fönixreglunni*, og það heppnaðist ekki vel. „Þú verður að *meina* þær, Harry! Þú verður virkilega að vilja valda sársauka – að njóta þess – réttlát reiði þín veldur mér engum kvölum“²² sagði Bellatrix honum.

²² J.K.Rowling, 2003 , bls. 696.

Einn annar galdur sem að Harry Potter er þekktur fyrir er varnargaldurinn Expecto Patronum gegn vitsugum, sem eru hræðilegar verur sem að koma fyrst fram í *Harry Potter og Fanganum frá Azkaban* að sjúga úr fólki hamingjuna. Þann galdur lærði Harry á þriðja ári frá Lupin, sem var þá prófessor í Varnir Gegn Myrku Öflunum í Hogwarts. Vitsugurnar, verur sem að hafa þann eiginleika að sjúga gleðina úr fólki og skilja bara eymdina eftir, sóttu mikið á Harry af því að hann var með margar kvalafullar og sorglegar minningar en hann náði að mynda varnargaldurinn gegn þeim með því að hugsa um foreldra sína og aðrar góðar minningar.

Móðir Harrys dó fyrir hann, hún fórnaði sér fyrir hann og bjargaði honum frá dauðum þegar Voldemort ætlaði að drepa hann. Þannig gengur dauðinn eins og rauður þráður í gegnum allar sögunar með dauða Siriusar Blacks í *Harry Potter og Fönixreglunni*, sem guðföður hans og besta vin föður hans sem var ranglega sendur í fangelsi í Azkaban í 10 ár fyrir að hafa hjálpað til við að myrða James og Lily Potter og með dauða Dumbledors í *Harry Potter og Blendingsprinsinum*. Þegar bækurnar eru nánast á enda komnar lærir Harry að eina leiðin til þess að sigrast á Voldemort er að hann deyi sjálfur. Hann gengur því fúslega í dauðann og það er ástæðan fyrir því að hann kemst lífs af í enda bókarinnar, eftir að Voldemort hefur drepið hann.

"whether one approves the narrative manoeuvre or not, it seems undeniable that Harry steps into a Christ-like role at the end of *Hallows*. Having committed himself to die, he acquires Christ's power of rising the dead, as much as Aragorn does at the end of Tolkien's *The Return of the King*" (Rachel Falconer, 2009, bls. 69).

Yllissportinn sem elsti bróðirinn fékk frá Dauðanum í sögunni um Bræðurna þrjá var í eigu Dumbledors. Voldemort reynir síðan að stela honum úr gröf hans, en þá virkar sprotinn ekki almennilega, því að sprotinn er ekki hans. Hann vann hann ekki með því að drepa fyrri eiganda sprotans. Hulinskykkjan er í eigu Harry Potters, en hann erfði hana eftir föður sinn. Uppvakningarsteininn kemst í eigu Dumbledors en hann gefur Harry hann eftir að hann deyr, falinn inní Gylltu Eldingunni – sem er bolti í galdraíþróttinni Quidditch - og er fyrsta Gyllta Eldingin sem að Harry náði á fyrsta árinu sínu í Hogwarts. Harry finnur steininn og með honum fær hann að sjá foreldra sína aftur rétt áður en hann ákveður að fórna sér í lok sögunnar.

Harry sleppir steinum í skóginum við Hogwartsskóla, til að það verði mjög erfitt fyrir fólk að finna hann. Þegar Harry eignast sprotann eftir að hafa unnið hann í lok sögunar að þá skilar hann honum aftur til Dumbledore, því að hann hefur enga þörf fyrir ósigrandi sprota

Mesti munurinn á Harry Potter og Voldemort er val þeirra. Harry Potter valdi að fórna sér fyrir aðra á meðan Voldemort valdi að reyna að forðast dauðann í stað þess að taka á móti honum eins og Harry gerði. Þetta val er í raun á milli hins góða og hins illa. Það er eins og Dumbledore sagði: „Það er val okkar í lífinu sem gerir okkur að því sem við erum, miklu frekar en hæfileikar okkar.“²³

Ástin og trúin á það góða er sterkt þema í Harry Potter, sem tengist einnig dauðanum sem einu meginþema bókanna. Harry vill ekki drepa neinn því að honum þykir vænt um fólk og það skilur hann frá Voldemort sem að virðist ekki skilja ástina og það er þessi ást Harrys sem að lætur hann fórna sér í lok seríunnar, svo að aðrir fái að lifa. Það er einnig það sem aðskilur Harry Potter og Voldemort, að báðir virtust lifa sem munaðarleysingjar og nánast án ástar og kærleiks áður en þeir komu til Hogwarts, sem varð þeirra griðarstaður. Harry kaus að elska þrátt fyrir allt sem gerðist í lífi hans en það að takast á við að missa einhvern sem er þér það kær er öllum erfitt, en samt heldur hann áfram. Voldemort virtist ekki gera það.

„Já, Harry, þú getur elskað“ sagði Dumbledore sem virtist vita nákvæmlega hvað Harry hefði rétt í þessu stillt sig um að segja „sem er stórkostlegt og undraverð staðreynd, miðað við allt sem þú hefur þurft að ganga í gegnum“ (J.K.Rowling, 2005, bls. 418.)

Harry fylgdi Dumbledore í blíðu og stríðu og Dumbledore trúði að ástinn væri eitt af því sterkasta sem hægt væri að finna. Ástin er eitt af mikilvægustu vopnunum sem að fólk gæti beitt: „Ekki aumka hina dauðu, Harry. Vorkenndu þeim sem lifa, og sér í lagi þeim sem lifa ástlausir.“²⁴

Það er móðurástin Lily Potters sem bjargar Harry Potter í byrjun bókaflokksins og það er ástin sem vendar hann í gegnum allar bækurnar. Ástin virðist nánast vera það eina sem getur stöðvað dauðan um tíma, sem og gert hann bærilegan, en ástin vinnur líka mjög mikið með dauðanum í Harry Potter sögunum.

Það er svo móðurástin sem að bjargar Harry aftur frá Voldemort, eftir að hann hefur snúið aftur eftir að Voldemort taldi sig hafa drepið hann í *Harry Potter og Dauðadjásnin*. Þar

²³ J.K.Rowling, 2000, bls. 271

²⁴ J.K.Rowling, 2007, bls. 583.

er Narcissa Malfoy, móðir Draco Malfoys, send til að athuga hvort að hann sé dauður eða ekki. Hún lýgur að Voldemort að Harry sé dauður, því að hann hjálpaði Draco að lifa af og hún vill ekkert heitar en að sjá son sinn aftur, sem er að berjast í liði Voldemorts í Hogwartsskóla.

Í kaflanum *Skógurinn Aftur* í *Harry Potter og Dauðadjásnunum* finnur Harry Potter steininn rétt áður en hann er að fara að fórna sjálfum sér og ganga inn í dauðann, en hann er á leið sinni til Voldemorts í von um að það muni enda stríðið. Þegar hann tekur upp upprisusteinninn þá sér hann föður sinn og móður aftur, sem og Lupin (sem er þá nýdáiinn) og Sirius Black. Hann sér þau í síðasta sinn áður en hann telur sig vera að ganga í dauðann.

„Verið þið með mér?“

„Allt til loka“ sagði James

„Geta þau ekki séð ykkur?“ spurði Harry

„Við erum hluti af þér“ sagði Sirius „Ósýnileg öllum öðrum““ (J.K.Rowling, 2007, bls. 565)

Harry fékk einnig aðstoð og stuðning frá foreldrum sínum í *Harry Potter og Eldbikarinn*, þegar Harry og Voldemort voru í galdraeinvígi, rétt eftir að Voldemort var nýkominn með nýjan líkama. Þar birtust myndir foreldra Harrys með galdrinum *Priori Incantatem* sem sýnir fyrrum galdra sem að sá galdrasproti (í þessu tilfelli sproti Voldemorts) hafði framið, sem hafði meðal annars verið morðið á foreldrum Harry. Þau hjálpuðu Harry þá að flýja frá Voldemort og komast til baka í Hogwartsskóla.

„Þú trúir því þó ekki í raun og veru að látnir ástvinir okkar yfirgefi okkur nokkurn tímann fyrir fullt og allt? Finnst þér ekki líklegra að við finnum fyrir mestri nálægð frá þeim á erfiðum stundum?“²⁵ Segir Dumbledore Harry í lok *Harry Potters og Fanginn frá Azkaban*. Eftir að Harry sagði honum að hann hafði haldið að hann hafði séð föður sinn bjarga sér frá vitsugunum með verndargaldri (en það hafði í raun og veru verið hann sjálfur, þegar hann fór með Hermione aftur í tíman).

Ástin er því ein af meginástæðunum fyrir því að Harry getur sigrað Voldemort og nánast dauðann sjálfan. Voldemort hefur enga samlíðan með einu eða neinu, og það verðum honum að falli að lokum. Fólk fylgir Harry Potter af því að það trúir á hann, rétt eins og það

²⁵ J.K.Rowling, 2000, bls. 297

trúði á Dumbledore. Fylgismenn Voldemorts fylgir honum nánast af því það er hrætt við hann en „hann sýnir bandamönnum sínum jafn mikið miskunarleysi og fjendum sínum“²⁶

„After thousands of pages of Harry Potter’s story, it is clear now that this has been J.K. Rowling’s theme from the beginning: love, friendship, sacrifice, and eventually *life*. For it is life that springs out of Harry’s gift of himself: the life of self-sacrifice, the life that defeats death, the life of ongoing friendship“ (John Killinger, 2008, bls. 61)

Harry Potter og hinn fullorðni lesandi.

Sumir segja að barnabækur séu ekki til, heldur sé sú staðhæfing bara ákveðin markaðssetning til að láta ákveðið fólk lesa ákveðnar bækur. Rachel Falconer segir í *The Crossover Novel* að hægt sé að markaðsetja bók handa börnum en það sé ekki hægt að láta barnið elska bókina með markaðssetningu og þó svo að barnabækur séu ekki markaðsettar handa fullorðnum þýði það ekki að fullorðnir geti ekki lesið þær og haft gaman af þeim;

"no amount of publicity can make a book speak to individual hearts and minds. And yet, quite evidently, the Harry Potter series and many other children's books do speak to adult readers" (Rachel Falconer, 2009, bls. 1)

Sögur eins og *His Dark Materials* eftir Phillip Pullman og *Old Kingdom* þrileikurinn eftir Garth Nix, sem eru bækur sem hafa oft verið nefndar sem bækur bæði fyrir fullorðna og börn, komu út á svipuðum tíma og Harry Potter. Garth Nix kom til dæmis út með fyrstu bókina í *Old Kingdom* þrileiknum árið 1995 en hann kom ekki út með framhaldið fyrr en eftir að Harry Potter fór að slá í gegn eða árið 2001.

"In Britain and elsewhere, there followed an extraordinary period in which children's literature exploded into the mainstream of popular and literary culture. Suddenly everybody was talking about children's books, and not just Harry Potter" (Rachel Falconer, 2009, bls. 1).

Það sem aðgreinir barnabækur frá fullorðinsbókum er að þær eru nánast alltaf styttri og eru kannski einfaldari en fullorðinsbækurnar. Það er samt áhugavert að þrileikur Philips Pullmans er allt í allt 1200 blaðsíður og síðustu fjórar Harry Potter bækurnar eru allar yfir 600 blaðsíður, sem er stundum lengra en fullorðinsbók²⁷.

Á vefsíðu *Random House*, sem gefur út *His Dark Materials* bækurnar eftir Philip Pullman er að finna ræðu hans þegar hann tók á móti *Carnegie Medal* verðlaununum fyrir

²⁶ J.K. Rowling, 1997, bls. 264.

²⁷ Rachel Falconer, 2009, bls. 28

barnabókmenntir. Þar segir hann að einn af göldrunum við barnabækur sé sá að höfundurinn sé ekki að reyna að púðra hlutina neitt, heldur seti hann söguna og lesandann í fyrsta sæti og útskýri hlutina mögulega á einfaldari hátt;

"There are some themes, some subjects, too large for adult fiction; they can only be dealt with adequately in a children's book. [...] But what characterizes the best of children's authors is that they're not embarrassed to tell stories. They know how important stories are, and they know, too, that if you start telling a story you've got to carry on till you get to the end. [...] In a book for children you can't put the plot on hold while you cut artistic capers for the amusement of your sophisticated readers, because, thank God, your readers are not sophisticated. They've got more important things in mind than your dazzling skill with wordplay" (Random House, 1996)

Pullman heldur svo áfram og segir að fullorðinsbækur skorti stundum þessa töfra og að sagan týnist kannski stundum á leiðinni í öllum þessum fléttum og flóknu orðum, á meðan markmið barnabókanna sé að segja sögu og skemmta lesandanum á jafnframt. Því sé það svo að ef að hinn fullorðni vilji lesa slíka sögu sé best að fara yfir í barnabókadeildina. Annan möguleika væri einnig hægt að skoða og það er að meira sé haldið upp á barnæskuna núna en áður hafði verið gert og henni bæði fagnað og ef til vill saknað af þeim meðlimum samfélagsins sem séu ekki á því tímabili í lífi sinns lengur en vilji fá að endurlifa það. Að lesa barnabækur gæti verið einn af þeim möguleikum sem það fólk hefur til þess að „verða aftur börn“.

"I love your books - the real ones, I mean, I haven't read the ones for children, of course"²⁸ segir fantasíu- og vísindaskáldsögu rithöfundurinn Ursula K. Le Guin að sumir af fordómafullum fullorðnum lesendum hennar hafi sagt við hana. Hún talar um að það versta við það að skrifa bækur fyrir börn séu ekki peningarnir heldur hinir fullorðnu og þeirra „Chauvinist piggery“²⁹ eins og hún orðar það. Hún skrifar bæði fyrir fullorðna og börn, eins og Neil Gaiman og margir aðrir höfundar.

Vinsældir Harry Potter bókaflokksins.

Ímynd Harry Potters er orðin vörumerki og flest allir virðast vita hver persónan eða fyrirbærið er. Eldingarlaga örið og kringlóttu gleraugun sem Harry gengur alltaf með er eitthvað sem fólk út um allan heim þekkir, hvort sem það hefur séð myndirnar eða lesið bækurnar eða ekki. Það er ef til vill líka gott dæmi um það að bók sé orðin vinsæl og mynd hennar fest í hugum fólks þegar fjöldi bóka og tímaritsgreina auk heimildamynda eru tileinkaðar þessari sögu. Þá

²⁸ Ursula K. Le Guin, 1979, bls. 54.

²⁹ Ursula K. Le Guin, 1979, bls. 54

hafa rannsóknir á sögunum verið gerðar og ágreiningur ríkir um það af hverju þessi bókaflokkur sé jafn vinsæll og raun ber vitni.

J.K. Rowling virtist hafað orðað það best sjálf í fyrstu bókinni í Harry Potter seríunni, *Harry Potter og Viskusteininn* þegar hún lætur Dumbledore, skólameistara Hogwartsskóla segja í fyrsta kaflanum, þegar hann skilur Harry eftir fyrir framan dyrnar hjá Dursley fjölskyldunni sem voru einu lifandi ættingjar hans:; "hvert einasta barn í okkar heimi mun þekkja nafn hans".³⁰

Harry Potter bækurnar hafa nánast slegið öll þau met sem hægt er að slá á bókamarkaðnum og síðustu fjórarbækurnar voru, á þeim tíma sem þær komu út, og ef til vill ennþá, hraðseldustu bækurnar í heiminum, en þær seldust allar í milljón eintökum á útgáfudegi. Kvikmyndirnar um Harry Potter hafa alltaf trjónað á toppnum um leið og þær komu út, alveg frá byrjun, þegar fyrsta myndin *Harry Potter og Viskusteininn* kom út árið 2001.

Samhvæmt bókinni *Crossover Fiction* eftir Sandra L. Beckett þá voru 50% af þeim fullorðnu sem voru að kaupa Harry Potter bækurnar að kaupa þær fyrir sjálfa sig árið 2001³¹. Sandra L. Becket talar um það að Rowling sé að einhverju leiti ábyrg fyrir að það sé að verða finna fyrir fullorðna að lesa barnabækur. Hálfgerð tískufyrirbæri. Það eru samt sem áður sumir sem hafa haft áhyggjur af því að þetta sé bara tískubóla sem muni fara eftir nokkur ár.

Það var samt ekki fyrr en Harry *Harry Potter og fanginn frá Azkaban* kom út sem allt fór af stað. Þriðja bókin varð vinsælasta bókin á sölulista Amazon.com nánast tveimur mánuðum áður en hún átti að koma út³². Það hafði engin af hinum tveimur Harry Potter bókunum náð að gera. Það gerði J.K.Rowling að stórstjörnu um allan heim.

Á síðustu tuttugu árum eða svo hefur þessi litla barnabókasería um galdrastrákinn Harry Potter orðið að algjöru tískufyrirbæri sem hefur bæði toppað alla vinsældarlista bókmennta og kvikmynda. Til er skemmtigarður sem byggist á bókunum og myndunnum sem og söngleikir, brúðuleikrit, allskyns leikföng og meira að er orðin einstök tónlistarstefna sem kallast Galdrarokk eða Wizard Rock upp á enskuna, sem er byggður er á bókunum.

³⁰ Rowling, J.K. 1997, bls. 16, þýðing 1999

³¹ Sandra L. Beckett, 2009, bls. 111.

³² Sandra L. Beckett, 2009, bls. 113

Þegar sem mest gekk á í Harry Potter æðinu voru um 400 galdrarokk hljómsveitir starfandi með fólk á öllum aldri, aðallega í Bandaríkjunum. Þar eru sungin lög um persónurnar í Harry Potter (oft í gervum persónanna eins og Völa Væluskjóðu) og söguefni bókanna. Fyrsta galdrarokkhljómsveitin hét The Switchblade Kittens, en hún var einnig kölluð The Weird Sister, en það er "raunveruleg" hljómsveit. Þar að segja að það er minnst á hana í Harry Potter bókunum. Margar hljómsveitir spiluðu í bókabúðum og á bókasöfnum, sem og Harry Potter ráðstefnum og sumar fóru einnig í hljómleikaferðalög. "Wizard rock has taken the fandom to a new level, once again distinguishing the Potter fandom from any other"³³

Árið 2000 voru vinsældir Harry Potter orðnar svo miklar að þegar fjórða bókin var að koma út, *Harry Potter and the Goblet of Fire*, og þá var ákveðið að þar sem fólk bæði í Bandaríkjunum og í Bretlandi, (og annarstaðar í heiminum), vildi lesa bækurnar um leið og þær kæmu út að best væri að gefa þær út á þessum á sama tíma, allstaðar.

Því voru miðnætúrútgáfupartí fyrir bækurnar haldin í bókabúðum til þess að selja þær til aðdáenda³⁴ og þannig hélt það áfram með allar hinar bækurnar eftir það. Einnig var það gert til þess að tryggja það að ekkert af sögunni læki út á netið og spillti fyrir aðdáendum Harry Potters sem voru út um allan heim. Því var ákveðið að halda þessi miðnætúrpartí í bókabúðunum, en til að byrja með var það bara í enskumælandi löndum.

En hvað hafa fullorðnu lesendur Harry Potter bókanna gert fyrir Harry Potter seríuna annað en að fara í búninga og bíða í bókabúðum? Jú, þeirra vegna hafa verið gerðar sérstakar „fullorðinskápur“ utan um bækurnar til að fela að menn væri að lesa barnabók þegar þeir lásu Harry Potter í lestinni eða í strætó á leiðinni úr eða í vinnuna.

Hinsvegar þegar skoðað er hvort fullorðinskápurar hafi gert eitthvað fyrir sölu Harry Potter seríunnar kemur í ljós að fullorðinsútgáfunar voru ekki að seljast neitt meira en barnaútgáfunar, nema ef til vill síðasta Harry Potter bókinn, *Harry Potter og Dauðdjásinn* en þá virtist fullorðins útgáfan vera vinsælli í bókabúðunum en barnaútgáfan³⁵.

³³ Erin Anne Pyne, 2010, bls. 173

³⁴ Susan Gunelius, 2008, bls. 52

³⁵ Telegraph, 2007

Vinsældir Harry Potter bókanna til vandræða?

Harry Potter hefur náð langt miðað við hversu litlu það var búist við í byrjun. Það voru samt sem áður ekki allir það sáttir með velgengni Harry Potter bókaflökkens. Sérstaklega ekki þeir sem skrifuðu fyrir fullorðna. Mörgum fannst að barnabækur eins og Harry Potter væru til vandræða, enda kannski ekki jafn góðar bækur og þær sem voru skrifaðar fyrir fullorðna.

Fyrstu þrjár bækurnar sátu efst á *New York Times* vinsældarlistanum í 16 vikur³⁶. Þá kom fram gagnrýni og umræða um hvort að barnabækur ættu yfir höfuð að fá að vera á þessum lista. Útgáfufyrirtæki eins og Scholastic hvörtuðu þá undan því að þá gætu þeirra bækur aldrei fengið titilinn að vera "*New York Times Bestseller*". Það var því farið í það að búa til nýjan lista fyrir barnabækur. Sá listi leit dagsins ljós þegar fjórða bókin kom út.

Árið 1999 var kom einnig upp mikil deila um velgengni og vinsældir Harry Potter bókanna. Þá var þriðja Harry Potter bókin, *Harry Potter og Fanginn frá Azkaban*, að keppa um Whitebread Book of the Year verðlaunin og tapaði gegn einu atkvæði. Það var ekki oft sem barnabók náði svona langt, en oftast var það þannig að barnabækurnar komust ekki á lokastig atkvæðagreiðslunnar um hver ætti að fá verðlauninn.

Einn af dómurunum hótaði að hætta ef að Harry Potter ynni Saemus Haeney's þýðinguna á Beowulf. Hann sagði að það væri "national humiliation" og að það myndi senda röng skilaboð um alvarleika svona bókmenntaverðlauna ef að Potter ynni³⁷. Ári síðar, í febrúar árið 2000 fékk Rowling samt sem áður the British Book Awards Author of the Year verðlaunin fyrir *Harry Potter og Goblet of Fire*.

Ef til vill erum við komin inn í þann tíma þar sem bækur eru ekki bara fyrir eina gerð af fólki. Víxlestur er það sem selur og gerir fólki kleyft að ná til alskyns ólíkra hópa. Ef til vill þykir mörgum erfitt að viðurkenna það, þar sem það getur verið erfitt að laga sig að nýjum tímum. Það eru margar aðrar bækur sem hægt væri að flokka sem víxlbækur sem hafa náð mikilli velgengni á síðastliðnum árum. Phillip Pullamans *His Dark Materials*, Christophers Paolini's *Inheritance Cycle* og *Hungurleika-þríleikurinn* eftir Susan Collins, svo að einhver dæmi eru tekin.

Þessi tegund bóka fer ört vaxandi og er búin að taka yfir vindældarlista og selst betur en margar bækur vinsælla „fullorðins“ rithöfunda. Þetta hefur leitt til þess að núna er

³⁶ Sandra L. Beckett, 2009, bls. 113

³⁷ Sandra L. Beckett, 2009, bls. 113

vinsældarlisti amazon.com nánast alltaf með barna- eða unglingsbók eins og Sandra L. Beckett bendir á. Það er ekki beint vandræðarlegt eða kjánalegt. Þetta eru bara breyttir tímar og sumum finnst verulega erfitt að sætta sig við það. Það er að fá fólk út til þess að kaupa og lesa bækur, sem er eitthvað sem ætti að fagna, ekki traðka niður á af öðrum rithöfundum eða dómurum á verðlaunahátíðum.

Þær deilur sem bent hefur verið hérna á hafa meira að gera með fyrstu þrjár bækurnar í bókaflöknum en hinar. Seinni bækurnar verða allar mun lengri en fyrstu þrjár sem eru allar í kringum 300 blaðsíður. Eftir fjórðu bókina er Voldemort einnig snúinn aftur svo að tónn bókanna verður mun þyngri en áður. Það er eins og Rachel Falconer bendir á; "the emphasis of her work may be seen to shift from expressing the magic "lightness" of childhood to representing the child as a master of death"³⁸ þegar hún talað um stökkið frá *Fanginn frá Azkaban* yfir í *Harry Potter og Eldbikarinn*. Með mun lengri bókum og mun alvörugefnari þemum innan sögunnar urðu meira áberandi eftir því sem leið á bókaseríuna hefur Rowling náð að róa þá sem að fundust vinsældir seríunar fáránlegar eða hlægilegar. Þá voru bækurnar kannski meira við hæfi fullorðna (sem og barna) sem og virtra bókmenntaverðlauna.

Í gegnum árin hafa einnig margir, bæði höfundar og gagnrýnendur, bent á það að góðar barnabækur eigi að ná til bæði fullorðna og barna. Það má örugglega segja um unglingsbækur líka. C.S.Lewis benti einnig á það sjálfur að barnabók sem bara börn séu hrifin af sé ekki það góð.³⁹ Það eru enn aðrir sem vilja snúa dæminu við og segja að börn eigi líka að lesa góðar fullorðinsbækur, ekki bara fullorðnum.

Niðurlag.

"Perhaps we are finally entering an era when good fiction can simply be considered good fiction without worrying about the audience"⁴⁰ segir Sandra L. Beckett í inngangi sínum í bókinni *Crossover Fiction: Global and Historical Perspectives*. Hún bendir einnig á það að við tölum oftast ekki um fullorðinsbókmenntir nema að við séum að tala um barnabókmenntir. Annars eru þetta bara bókmenntir. Þannig ætti það einnig að vera með barnabækur.

³⁸ Rachel Falconer, 2009, bls. 47-48

³⁹ Sandra L. Beckett, 2009, bls. 9

⁴⁰ Sandra L. Beckett, 2009, bls. 9

Það eru til góðar og vondar bækur bæði fyrir fullorðna og börn. Bara af því að bók er skrifuð, eða markaðsett, fyrir börn að þá er hún ekki eindilega léleg eða of einföld. Það fer eftir bókinni og sögunni sjálfri og ekki neinu öðru. Það er ekkert vandræðalegt að lesa sögur á borð við Harry Potter, eða aðrar barnabókmenntir. Það ætti að minnsta kosti ekki að vera það.

Velgengi Harry Potters bókaflokksins ætti því ekki að vera til vandræða eða óskiljanleg. Harry Potter er einn af brautryðjendunum sem gerðu víxlestur vinsælan og stór hluti af aðdáendahóp bókaflokksins er fullorðinn. Í stað þess að draga bókaflokkinn, eða fullorðna fólkið sem að les hann niður ætti frekar að fagna afrekum seríunar.

Harry Potter sagan er dýpri margir búast við. Sagan er fremur mórálísk og snertir mörg þemu sem að ná til alls kyns fólks og hún hyllir bernskuna. Dauðinn er sterkt þema innan sögunnar eins og í alvarlegum fullorðinsbókmenntum. Harry Potter bókaflokkurinn er því ekkert eitthvað sem að hinn fullorðni lesandi þarf að skammast sín fyrir að lesa og getur vel flokkast undir „alvöru bókmenntir“.

Heimildaskrá

- Anatol, Giselle Liza. (2003). *Reading Harry Potter: Critical Essays*. Giselle Liza Anatol (ritstjóri). Greenwood Publishing Group: United States of America.
- Anelli, Melissa. (2008). *Harry Potter: A History. The True Story of a Boy Wizard, His Fans, and Life Inside the Harry Potter Phenomenon*. Pocket Books: New York.
- Beckett, Sandra L. (2009). *Crossover Fiction: Global and Historical Perspectives*. Routledge: New York.
- Geordie, Greig. (10 janúar 2006). 'There would be so much to tell her...'. *Telegraph*. Sótt 26. febrúar 2015 af <http://www.telegraph.co.uk/news/uknews/1507438/There-would-be-so-much-to-tell-her....html>
- Granger, John. (2002). *The Hidden Key to Harry Potter: Understanding the Meaning, Genius, and Popularity of Joanne Rowling's Harry Potter Novels*. Zossima Press:
- Goetz, Sharon K (ritstjóri). (2008). *Phoenix Rising: collected papers on Harry Potter*. Narrate Conferences, Inc: Sedalia, Colorado.
- Gunelius, Susan. (2008). *Harry Potter: The Story of a Global Business Phenomenon*. Palgrave Macmillan: Hampshire.
- Falconer, Rachel. (2009). *Crossover Fiction and Cross-Reading in the UK: Contemporary Children' Fiction and it's adult readership*. Routledge: New York.
- Killinger, John. (2008). *Love, Death, and Friendship in the Harry Potter Novels*. Christian Ethics at Baylor University. Bls. 56-62.
- Le Guin, Ursula K. (1979). *The Language of the Night: Essays on Fantasy and Science Fiction*. Susan Wood (ritstjóri). Ultramarine Publishing: New York.
- Pinsent, Pat. (2002). *Educatuion of a Wizard: Harry Potter and his Predecessors. The Ivory Tower and Harry Potter: Perspectives on a literary Phenomenon*. Whited, Lana A. (ritstjóri). University of Missouri Press: Columbia

- Randomhouse. (1996). *Carnegie Medal Acceptance Speech*. Sótt 22. janúar 2015 af <http://www.randomhouse.com/features/pullman/author/carnegie.php>
- Reynolds, Nigel. (22 Júní 2007). *Adult fans taking over Harry Potter*. *Telephrap*. Sótt 22. Janúar 2015 af <http://www.telegraph.co.uk/culture/books/3666031/Adult-fans-taking-over-Harry-Potter.html>
- Rowling, J.K. (1997). *Harry Potter og Viksusteinninn*. Helga Haraldsdóttir þýddi, 1999. Bjartur: Reykjavík.
- Rowling, J.K. (1998). *Harry Potter og Leyniklefinn*. Helga Haraldsdóttir þýddi, 2000. Bjartur: Reykjavík.
- Rowling, J.K. (1999). *Harry Potter og Fanginn frá Azkaban*. Helga Haraldsdóttir þýddi, 2000. Bjartur: Reykjavík.
- Rowling, J.K. (2003). *Harry Potter og Fönixreglan*. Helga Haraldsdóttir þýddi, 2003. Bjartur: Reykjavík.
- Rowling, J.K. (2005). *Harry Potter og Blendingssprinsinn*. Helga Haraldsdóttir þýddi, 2005. Bjartur: Reykjavík.
- Rowling, J.K. (2007). *Harry Potter og Dauðadjásnin*. Helga Haraldsdóttir þýddi, 2007. Bjartur: Reykjavík.
- Tergo, Al, Denim, Sue. (2006). *Riddikulus! Consumers reflection on the Harry Potter phenominon. Consuming Books – the marketing and consumption of literature*. Stephen Brown (ritsjóri). Routledge: New York.
- Zipes, Jack. (2001). *Sticks and Stones: The Troublesome Success of Children's Literature from Slovenly Peter to Harry Potter*. Routledge: New York.